

Ársskýrsla Bláa hersins árið 2017.

Janúar.

Fundaði með Forseta vorum Guðna Th. Jóhannessyni og ræddum við ýmislegt varðandi umhverfismál. Hann óskar eftir því að fá að vitna í mig og mín störf við umfjallanir sínar um umhverfismál. Auðsótt mál og virðingarvert.

Fór á ráðstefnuna hjá Lets do it world í Tallinn. Núna er verið að skipuleggja alheimshreinsunarverkefnið sem á að vera þann 15 sept. 2018. Blái herinn er tengiliður á Íslandi.

Fékk lykla að nýjum heimkynnum fyrir Bláa herinn. Þetta eru rúmir 300 fermetrar í byggingu #771 bak við Langbest. Þetta er gamla pósthúsið hjá Varnarliðinu. Ennþá er rafmagnið 110 volt en vinnutafla sem er 220 volt. Þarna mun allt komast fyrir sem tilheyrir Bláa hernum.

Febrúar.

Ein hreinsunarferð var farin á svæðið við botn Djúpavogs í landi Sandgerðis. Þarna var á tímum hersins aðstaða fyrir bandaríska skáta en það húsnæði er horfið en eftir stendur rútubiðskýli sem var orðið fullt af alls kyns rusli og drasli. Hreinsað upp og viktaði þetta 260 kg.

Tók þátt í hverfisátaki Gróttunnar og Ægissíðunnar. Alls mættu 150 manns og þrifu sínar fjörur. Samtals viktaði þetta 1.560 kg.

Metnaðarfullt samstarfsverkefni milli Landverndar, Lions, Svæðisskrifstofu Vesturlands, Þjóðgarðsins á Snæfellsnesi og Bláa hersins hrundið af stað fyrir Samnorrænastrandhreinsi daginn 5. maí.

Mars.

Farin vettvangsferð um Snæfellsnes og þeir aðilar heimsóttir sem þurfti til að verkefnið gæti orðið að veruleika. Samvinna er lyklatríði hér og allir eru spenntir fyrir verkefninu.

HB Grandi styrkir starfsemi okkar til frekari landvinninga í tilefni opunar endurvinnslustöðvar þeirra á Akranesi.

Apríl.

48 nemendur og kennarar í umhverfis og auðlindafræði frá Lion í Frakklandi komu í hreinsunarverkefni á athafnasvæði Eimskips við Sundahöfn ásamt nokkrum starfsmönnum fyrirtækisins. Hreinsuð voru 1.500 kg. af rusli og gekk vel. Fengum kynningu á starfsemi félagsins og góðan hádegimat að launum og Frakkarnir voru leystir út með gjöfum.

30 nemendur og kennarar frá USA komu og hreinsuðu í og við þekkingarsetrið samtals 380 kg.

Fundaði með Rektor Háskóla Reykjavíkur ásamt Brian Beckmann frá U.S Embassy. Umræðuefnið var tengt plasti og hvort hægt væri að gera eitthvað vitlegt við það, skapa annað virðisaukaefni jafnvel. Fróðlegt og gefandi.

Farin stór vettvangsferð um svæði Keflavíkurflugvallar og teknar myndir af rusli í og við girðingar. Skelfilegt ástand víða. Send skýrsla til ISAVIA.

Mai.

Hin árlega hreinsun um svæðið sem er um 1 km. radíus um Flugstöð Leifs hins heppna. Hreinsuð 2.970 kg. sem er 15% aukning frá síðasta ári. Alls tóku 150 manns þátt í verkefninu og grillveislan klikkar ekki frekar en áður. Allir sammála að gera þurfi þetta oftar á ári. Sérstaklega eru girðingar hjá bílaleigum og flugrekstraraðilum mjög slæmar.

Samnorræni strandhreinsidagurinn haldinn 6 maí á Snæfellsnesi. Talið er að um 300 manns hafi komið að verkefninu í það heila. Hreinsuð voru nokkur svæði en aðallega 3 staðir. Sérmerkt svæði á 3 stöðum sem voru reituð 1000 fermetrar fengu fínkembingu og mjög ýtarlega skráningu sem mun nýtast síðar í skýrslu allra Norðurlandanna. Ákaflega fallegt veður, einstök samvinna og frábærar undirtektir allra var lykilatriði og öllum til mikillar fyrirmyndar. Hreinsuð 3.300 kg. Björt Ólafsdóttir Umhverfissráðherra mætti og tók þátt. Fyrsta skipti sem ráðherra mætir í verkefni þar sem Blái herinn tekur þátt, þeim hefur þó oft verið boðin þátttaka.

Samstarfsverkefni Reykjanesbæjar, Kadeco, Langbest og Bláa hersins átti sér stað á Ásbrú, alls tóku á annan tug íbúa svæðisins þátt og hreinsað var rusl sem fyllti heilan gám sem viktaði 1.200 kg. Langbest og Reykjanesbær splæstu pizzum og gosi eftir hreinsunina.

Samstarfsverkefni Netto, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, H og N Markaðsstofu og Bláa hersins byrjaði við Brimketilsvæðið. Þar mættu 20 galvaskir Grindvíkingar og hreinsuðu nánasta svæðið í og við þetta einstaka náttúruvæðingarnum en opnun göngustígs að Brimkatlinum var daginn eftir. Hreinsuð voru 1.500 kg.

Júní.

Kópavogsbær og Blái herinn blésu til stórsóknar með alla skólanemendur sem voru í 10 bekk og eldri samtals yfir 700 manns og gengu um bæinn, skólalóðir og fjörur og hreinsuðu rusl. Alls var hreinsað 2.100 kg. og þar af 780 kg. eingöngu plast sem var sérstaklega skilið frá.

Samstarfsvettvangur Netto, SSS, H og N og BH var núna í Garðinum. Garðskagafjaran tekin í nefið af 15 eldhressum stúlkum og hreinsuð voru 660 kg.

Júlí.

Tók þátt í hönnunarsamkeppni á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem haldin var í Reykjavík. Erlendir aðilar komu að þessu og var verkefnið ýmsar hrávörur úr veiðarfærum. Teimið sem Blái herinn var í samanstóð af tveim stúlkum frá Danmörku og Grikklandi og Indverji sem starfar í Noregi. Við hönnuðum net sem var meira svona táknrænt sem kynningartæki en var sem sagt poki eins og fiskur í lagi og ruslið tínt ofan í opið (munninn). Svo var opnað á endann og þar komst ruslið út. Hugsanlega verður hönnunargripurinn gerður að vörumerki en hann hlaut nafnið Rub(f)ish. Við unnum.

Ágúst.

Hengdum hjólhýsið aftan í Hiluxinn og ókum hringveginn, skoðaðar fjörur og lagt á ráðin við heimamenn á nokkrum stöðum hér og þar um landið. Ferðin tók 12 daga og heppnaðist mjög vel. Verkefni í vinnslu við Vopnafjörð, Finnfjörð, Höfn, Skjálfandaflóa og víða fyrir austan næsta ár.

Miðnesheiðin hreinsuð í nokkrum ferðum, samtals 2.560 kg. í nokkrum verkefnum.

Vogamenn gerðu stóráhlaup á hafnargarðinn við bryggjuna og hreinsuðu úr honum 240 kg. af rusli sem enginn sá. Vel gert og Þróttmiklir velunnarar íþróttafélagsins Þróttar voru í þessu teymi. Samstarfsverkefnið okkar SSS, Netto, og H og N.

September.

Samstarfsverkefni Bandaríska sendiráðsins og Bláa hersins unnið í Sandvíkinni með stórsókn. 100 manns mættu þar af herdeild (60) manns frá US Airforce sem hér var við loftrýmigæslu. Eftir daginn lágu nokkrar velbúsnar ruslahrúgur á strandlengjunni og fullur gámur. Blái herinn þurfti 5 ferðir eftir að gámurinn var fluttur af svæðinu til að koma öllu hráefninu til Kólku. Alls hreinsað 2.590 kg. Körfuboltadeild Keflavíkur grillaði ofan í mannskapinn, Netto splæsti hamborgurum og sendiráðið kom með meðlæti og einnig hermennirnir. Geo Park mætti og kvikmyndaði með dróna. Frábært samstarfsverkefni allra sem komu að og var þetta hluti að SSS verkefninu sem kallast Sóknarfæri Suðurnesja.

Landverðir og velunnarar Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt bændum og búaliði réðust til atlögunar við fjöruna við Breiðamerkurlón, samtals 11 km. strandlengja. Alls hreinsaðist 13.390 kg. af drasli. Mikið járn og netakúlur fór í endurvinnslu en öðru fargað eftir þeim aðferðum sem tíðkast á svæðinu. Blái herinn skaffaði verkefnateyminu fjölnota strigapoka og aðra fjölnota poka frá Netto og skipulagði aðeins verkefnið ásamt yfir Landverði. Þetta tókst einstaklega vel. Þarna kviknaði hugmyndin um að stofna umhverfissamtökin á Höfn í Hornafirði sem síðar er getið um hér.

Toyota umboðið framlengir samstarfssamningi sínum við Bláa herinn og skaffar splúnkunýjan Toyota Hilux af flottustu gerð. Þetta er þeim mikill sómi af.

Tók eina léttu ferð um Garðskagafjöruna og hirti smá rusl á nýja bílnum, þvílíkur eðlvað. Ætlaði varla að tíma að skíta hann út :)

Október.

Fór í vettvangsferð um Patterson svæðið sem lítur orðið illa út af sóðaskap.

Álftanesskóli og Blái herinn halda hreinsunardag á Álftanesi og við Bessastaði. RUV kemur og gerir frétt um verkefnið. Grenjandi rigning en allir mjög sáttir, full kerra af rusli sem krakkarnir ætla að skoða betur og fræðast um með sínum kennurum. Fann mikið að eyrnarpinum sem fréttamaður veitti sérstaka eftirtekt.

Tók þátt í Sjávarútvegsráðstefnunni sem var í tvo daga. Fróðleg og mörg góð erindi, kom mengunarmálefnum hafsins á framfæri sem síðar fengu mikla umfjöllun. Var sáttur með það.

Nóvember.

Hreinsunarverkefni á Ásbrú, fórum í nokkra girðingarrúnta, alltaf sama draslið þar.

Fór að Höfn í Hornafirði og var viðstaddur stofnunar Umhverfissamtaka Austur Skaftfellinga. Kjarnmikill hópur sem vill vinna að umhverfismálefnum og vitundarvakningu í sinni sveit. Hélt þeim innblástursræðu og saman ætlum við að setja saman verkefni næsta vor, apríl mánuður varð fyrir valinu.

Desember.

Farnar tvær skoðunarfjörufærðir, annars vegar Sandvíkin og hins vegar Mölvíkursvæðið. Það er nokkuð ljóst eftir verkefni ársins að starfsemi Bláa hersins vex og dafnar og breiðir úr sér.

Verkefnin voru 30 talsins. Að þeim komu 1600 manns. Varlega áætlað skilaði hver og einn amk. 4 tímum í vinnu, það gerir 6400 sjálboðaliðs stundir. Þetta yndislega fólk hreinsaði upp 35.080 kg. af rusli og drasli úr umhverfinu sínu, hvort sem það voru fjörur, opin svæði eða annað.

Blái herinn safnar rafgeymum frá nokkrum verkstæðum sem eru velunnarar samtakanna og voru það yfir 18 tonn í ár. Endurvinnslan greiðir okkur skilagjald sem hjálpar til við reksturinn.

Blái herinn hefur frá árinu 1995 tekið þátt í og lagt hönd á plóg í verkefnum sem eru nærri 200 víðs vegar um landið, hreinsað 1.398.685 kg. og komið í endurvinnslu farveg. Vinnustundir sjálfbóðaliða eru yfir 62 þúsund.

Unnið er jöfnum og hörðum höndum um að koma sér fyrir á nýjum stað, unnið er í tækjum og tólum til að gera þau klár fyrir sín verkefni og reynt að fjármagna starfsemina með hvatningar samstarfsbréfum við Alþingismanna, sveitarstjórnarfólks, fyrirtækja og annarra frjálsra félagasamtaka.

Framvegis mun það hráefni sem hreinsað verður úr strandlengjunni fara í endurvinnslu hjá Fengur (PureNorth Recycling) í Hveragerði. Þeir endurvinna heybaggaplast og búa til úr því hráefni til útflutnings.

Að lokum má geta þess að Blái herinn stefnir á að hreinsa a.m.k. 50 tonn af rusli úr umhverfinu á árinu 2018 þó aðallega úr fjörum, nokkur sveitarfélög eru nú þegar með áhuga á samstarfi og samvinnuverkefni okkar við Landvernd mun vonandi skila góðum árangri í þeim tveim verkefnum sem fyrirhuguð eru hjá okkur, annars vegar samnorræna verkefnið aftur og þá á Reykjanesinu og þátttaka okkar saman í alheimshreinsunarverkefni samtakanna Lets do it world. Núna erum við á leið á ráðstefnuna í Tallinn hjá samtökunum Let do it world í enda janúar 2018 og býður Blái herinn tveim fulltrúum frá Landvernd með en Blái herinn er tengiliður samtakanna hér á landi. Undirbúningur stendur yfir og gengur vel.

Virðingarfyllt

Tómas J. Knútsson

Formaður Bláa hersins

